


# AÐ KENNA UM FLÓTTAFÓLK: UMRÆÐA

## HVAÐAN KEMUR FLÓTTAFÓLK?



Hægt er að skipta í tvo hópa, þá sem eru “með” og “á móti.”

Nemendur geta einnig notað spurningarnar til að varpa ljósi á og ræða niðurstöður hópanna og til að skrifa ritgerðir um skoðanir sínar og niðurstöður.

**Aldur:** Efnid hentar 15 ára nemendum og eldri.

**Markmið:** Spurningarnar í þessu verkefni má nota til að koma á umræðu í tímum og til að meta hvort nemendur hafi skilið grundvallarhugtök um flóttafólk, hæli/vernd og fólksflutninga.

**SKIPULAG UMRÆÐUVERKEFNIS:** Skiptu bekknum í tvo hópa. Hér að neðan eru þrjár fullyrðingar. Gefðu sitthvorum hópnum sömu fullyrðingu á sama tíma. Gefðu þeim u.þ.b. 5-10 mínútur til að ræða málin og komast að niðurstöðu. Leyfðu svo báðum hópunum að kynna sín svör. Að því loknu er tími fyrir rökræður milli hópanna.

Að rökræðunum loknum skaltu endurtaka leikinn með næstu fullyrðingu.

**1 : Flest flóttfólk kemur frá nokkrum löndum þar sem er langvarandi stríð. Þau lönd sem eru ábyrg fyrir því að fjármagna stríð, berjast í stríðum og fjármagna vopnin sem notuð eru í þeim stríðum ættu að vera neydd til að sjá um flóttafólkið sem kemur frá viðkomandi löndum.**

**2 : Öll lönd ættu að vinna betur saman að því að greina ástæður stríða og tækla vandamálin áður en þau verða að stríði, svo það sé ekki svona mikið af flóttafólki heiminum, í stað þess að eyða tíma og peningum í að sjá um flóttafólk.**